

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 279/2003 um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss.

1. gr.

Í stað töflu 1 í 9. gr. kemur eftirfarandi tafla, ásamt fyrirsögn:

**Tafla 1. Viðmiðunargildi hljóðafsstigs sem ábyrgð er tekin á.**

Tegund tækjabúnaðar	Nettóafli $P$ (í kW) Raforka $P_{el}$ <sup>(1)</sup> í kW Massi tækisins $m$ í kg Sláttubreidd $L$ í sm	Leyfilegt hljóðafsstig í dB/1 pW	
		I. áfangi frá og með 3. janúar 2002	II. áfangi frá og með 3. janúar 2006
Þjöppunarvélar (titringsvaltarar, titringsplötur, titrings-troðarar)	$P \leq 8$	108	105 <sup>(2)</sup>
	$8 < P \leq 70$	109	106 <sup>(2)</sup>
	$P > 70$	$89 + 11 \lg P$	$86 + 11 \lg P$ <sup>(2)</sup>
Jarðýtur á beltum, beltaskóflur, traktorsgröfur á beltum	$P \leq 55$	106	103 <sup>(2)</sup>
	$P > 55$	$87 + 11 \lg P$	$84 + 11 \lg P$ <sup>(2)</sup>
Jarðýtur á hjólum, hjólaskóflur, traktorsgröfur á hjólum, námubifreiðar, vegheflar, jarðvegshjoppur með skóflu, lyftarar með mótvægi, knúnir brunahreyfli, færanlegir lyftikranar, þjöppunarvélar (valtarar sem titra ekki), malbikunarvélar, vökvaafsvélar	$P \leq 55$	104	101 <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>
	$P > 55$	$85 + 11 \lg P$	$82 + 11 \lg P$ <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>
Gröfur, lyftur á byggingarsvæðum til vöruflutninga, vindur á byggingarsvæðum, jarðtætarar	$P \leq 15$	96	93
	$P > 15$	$83 + 11 \lg P$	$80 + 11 \lg P$
Handverkfæri fyrir múrbrot og fleygun	$m \leq 15$	107	105
	$15 < m < 30$	$94 + 11 \lg m$	$92 + 11 \lg m$ <sup>(2)</sup>
	$m \geq 30$	$96 + 11 \lg m$	$94 + 11 \lg m$
Byggingakranar (turnkranar)		$98 + \lg P$	$96 + \lg P$
Rafsuðuvélar og rafstöðvar	$P_{el} \leq 2$	$97 + \lg P_{el}$	$95 + \lg P_{el}$
	$2 < P_{el} \leq 10$	$98 + \lg P_{el}$	$96 + \lg P_{el}$
	$10 > P_{el}$	$97 + \lg P_{el}$	$95 + \lg P_{el}$
Loftpressur	$P \leq 15$	99	97
	$P > 15$	$97 + 2 \lg P$	$95 + 2 \lg P$
Garðsláttuvélar, rafsláttuorf/kantskerar	$L \leq 50$	96	94 <sup>(2)</sup>
	$50 < L \leq 70$	100	98
	$70 < L \leq 120$	100	98 <sup>(2)</sup>
	$L > 120$	105	103 <sup>(2)</sup>

<sup>(1)</sup>  $P_{el}$  fyrir rafsuðuvélar: hefðbundinn málmstöðustrumur margfaldaður með hefðbundinni útgangsspennu fyrir lægsta gildi fyrir sliturstuðulinn sem framleiðandinn gefur upp.

$P_{el}$  fyrir rafstöðvar: aðalafli samkvæmt lið 13.3.2 í ISO-staðli 8528-1:1993.

<sup>(2)</sup> Tölurnar fyrir II. áfanga eru einungis leiðbeinandi fyrir eftirtaldir gerðir búnaðar:

- titringsvaltara sem ýtt er á undan sér,
- titringsplötur (> 3kW),
- titringstroðara,
- jarðýtur (á stálbeltum),
- beltaskóflur (á stálbeltum > 55 kW),
- lyftara með mótvægi knúnir brunahreyfli,
- malbikunarvélar með þjöppunarbrettum,
- handverkfæri fyrir múrbrot og fleygun búnir brunahreyflum ( $15 < m < 30$ ),
- garðsláttuvélar, rafsláttuorf/kantskerar.

Endanlegar tölur eru háðar breytingum á reglum. Ef engar slíkar breytingar eru gerðar munu tölurnar fyrir I. áfanga gilda áfram fyrir II. áfanga.

(<sup>3</sup>) Tölurnar fyrir I. áfanga skulu gilda fyrir eins hreyfils færlega lyftikrana til 3. janúar 2008. Eftir það gilda tölurnar fyrir II. áfanga.

Leyfilegt hljóðafsstig skal námundað upp eða niður að næstu heilu tölu (tölur lægri en 0,5 námundist að næstu tölu fyrir neðan; tölur hærrí en 0,5 námundist að næstu tölu fyrir ofan).

---

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 34., 35., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, til innleiðingar á tilskipun nr. 2005/88/EB, um breytingu á tilskipun nr. 2000/14/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða hávaðamengun í umhverfinu af völdum búnaðar til nota utanhúss, sem vísað er til í 10. lið a VI. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 40/2007, öðlast þegar gildi.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. desember 2008.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2008